

Nd.

443. Frumvarp til laga

[217. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 23 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga og starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja ásamt starfsfólki sparissjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I. a., um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkv. 4. gr. núgildandi laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er stjórn sjóðsins heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn sveitarfélaga og stofnana, sem þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa.

Á undanförnum árum hafa verið stofnuð samtök sveitarfélaga í kjördæmunum utan Reykjavíkur og hafa fjögur þeirra þegar ráðið sér framkvæmdastjóra. Starfslið þessara samtaka hlýtur að verða það fátt, að ekki verður grundvöllur til að stofna sérstaka lífeyrissjóði á þeirra vegum.

Þrátt fyrir téð heimildarákvæði mun stjórn lífeyrissjóðsins hafa talið leika vafa á því, að henni væri heimilt að taka slíka starfsmenn í tölu sjóðfélaga, þar eð þessi samtök væri ekki lögbundin, og er frumvarpið flutt til þess að taka af allan vafa í þessu efni.

Ennfremur er lagt til, að heimilt sé að taka í tölu sjóðfélaga starfsfólk sparissjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum.